að nákvæmur kostnaður í tengslum við orkunýtna fjarhitun myndi styrkhæfan kostnað, ef auðvelt er að sýna fram á kostnaðinn við að fjárfesta í umhverfisvernd,

EDA

að viðbótarkostnaðurinn vegna fjárfestingarinnar sé ákvarðaður með því að bera fjárfestinguna saman við staðleysuáðstæður án aðstoðar, þ.e. viðmiðunarfjárfestingu ⁽²³³⁾,

OG

að styrkhæfur kostnaður sé reiknaður *að frádregnum hvers konar rekstrarhagnaði* og rekstrar-kostnaði sem tengist viðbótarfjárfestingunni og sem fellur til á fyrstu fimm árum viðkomandi fjárfestingar.

- C) Í hvaða mynd er styrkhæfur kostnaður?

fjárfestingar í efnislegum eignum,

fjárfestingar í óefnislegum eignum.

- D) Ef um er að ræða fjárfestingar í efnislegum eignum tilgreinið í hvaða mynd viðkomandi fjárfestingar eru:

fjárfestingar í landi sem eru algerlega nauðsynlegar til að uppfylla umhverfismarkmið,

fjárfestingar í byggingum sem ætlað er að draga úr eða eyða mengun og óhollustu,

fjárfestingar í stöðvum og búnaði sem ætlað er að draga úr eða eyða mengun og óhollustu,

fjárfestingar til að aðlaga framleiðsluáferðir í því skyni að vernda umhverfið.

- E) Ef um er að ræða fjárfestingar í óefnislegum eignum (tæknifyrfærslu með öflun rekstrarleyfa eða verkunnáttu með eða án einkaleyfis) staðfestið að slík óefnisleg eign fullnægi eftirfarandi skilyrðum:

lítið er á hana sem afskrifanlega eign,

hún er keypt á markaðskjörum af fyrirtæki sem kaupandinn hefur ekki nein bein eða óbein yfirráð yfir,

hún er talin með eignum fyrirtækisins og verður áfram í starfsstöð þiggjanda aðstoðarinnar og notuð þar í a.m.k. fimm ár ⁽²³⁴⁾.

Staðfestið ennfremur að verði óefnislega eignin seld á þessum fimm árum:

verði hagnaðurinn af sölunni dreginn frá styrkhæfum kostnaði

OG

öll aðstoðarfjárhæðin eða hluti hennar verði, eftir því sem við á, endurgreidd.

⁽²³¹⁾ Nánari upplýsingar um fyrirkomulagið á raunverulegu samkeppnisútbóði sem er krafist er að finna í 123. lið í leiðbeinandi reglum um aðstoð til umhverfisverndar.

⁽²³²⁾ Sjá nánar í 124. og 125. lið í leiðbeinandi reglum um aðstoð til umhverfisverndar.

⁽²³³⁾ Réttur staðleysukostnaður er kostnaðurinn vegna sambærilegrar fjárfestingar tæknilega séð sem hefði í för með sér minni umhverfisvernd og sem trúlega yrði ráðist í án aðstoðar. Sjá b-lið 81. liðar í leiðbeinandi reglum um aðstoð til umhverfisverndar.

⁽²³⁴⁾ Vakin er athygli á því að þetta skilyrði á ekki við ef óefnislega eignin er tæknilega séð úrelt.

- F) Þegar um er að ræða aðstoðarkerfi, tilgreinið nákvæma reikningsaðferð, með tilvísun í staðleysuáðstæður, sem notuð verður fyrir allar stakar styrkveitingar sem grundvallast á kerfinu sem er tilkynnt og látið í té viðeigandi gögn:

.....

Þegar um er að ræða stakar aðstoðarráðstafanir, tilgreinið nákvæman útreikning á styrkhæfum kostnaði í tengslum við tilkynnt fjárfestingarverkefni, með tilvísun í staðleysuáðstæður, og látið í té viðeigandi gögn:

.....

3.8. Aðstoð vegna meðhöndlunar á úrgangi ⁽²³⁵⁾

3.8.1. Grundvallarskilyrði

Staðfestið að eftirfarandi skilyrðum sé fullnægt:

- aðstoðin er veitt vegna meðhöndlunar úrgangs frá öðrum fyrirtækjum, þ.m.t. endurnotkun, endurvinnsla og endurnýting, sem er í samræmi við ákveðna forgangsröðun á meginreglunum um meðhöndlun úrgangs ⁽²³⁶⁾,
- fjárfestingin miðar að því að draga úr mengun af völdum annarra fyrirtækja („mengenda“) en tekur ekki til mengunar af völdum þiggjanda aðstoðarinnar,
- aðstoðin leysir mengendur ekki óbeint undan þeim gjöldum sem þeir ættu að standa straum af samkvæmt EB-rétti eða gjöldum sem ber að líta á sem eðlilegan kostnað mengenda,
- fjárfestingin leiðir til **endurbóta** á nýjustu tækni ⁽²³⁷⁾ eða notar hefðbundna tækni á skapandi hátt,
- efnunum sem eru meðhöndluð yrði að öðrum kosti fargað eða þau meðhöndluð þannig að það hefði verri áhrif á umhverfið,
- fjárfestingin eykur ekki aðeins eftirspurn eftir efnun til endurvinnslu heldur eykur einnig söfnun á þessu efni.

Látið ennfremur í té nákvæmar upplýsingar og gögn sem sýna fram á fyrrnefndum skilyrðum sé fullnægt:

.....

3.8.2. Aðstoðarhlutföll

- A) Hvert er gildandi grunnhlutfall aðstoðar fyrir tilkynnta ráðstöfun ⁽²³⁸⁾?

- B) Fæst hækkun til lítilla og meðalstórra fyrirtækja samkvæmt tilkynntri ráðstöfun?

já nei

Ef svarið er já, tilgreinið hækkunina sem fæst ⁽²³⁹⁾:

- C) Ef um er að ræða aðstoðarkerfi, tilgreinið heildarhlutfall aðstoðar til verkefnanna sem eru styrkt samkvæmt tilkynntu kerfi (að teknu tilliti til hækkanna) (í prósentum):

.....

⁽²³⁵⁾ Sbr. undirkafla 3.1.9 í leiðbeinandi reglum um aðstoð til umhverfisverndar.

⁽²³⁶⁾ Flokkun samkvæmt orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar um endurskoðun á áætlun Evrópubandalagsins um meðhöndlun úrgangs (COM(96) 399 lokagerð, 30.7. 1996). Nánari útlustun er að finna í neðanmálgrein 53 í leiðbeinandi reglum um aðstoð til umhverfisverndar.

⁽²³⁷⁾ Sjá skilgreiningu í 54. nmgr. í leiðbeinandi reglum um aðstoð til umhverfisverndar.

⁽²³⁸⁾ Hámarkshlutfall aðstoðar er 50% af styrkhæfum fjárfestingarkostnaði.

⁽²³⁹⁾ Heimilt er að hækka aðstoðarhlutfallið um 10 prósentustig fyrir meðalstór fyrirtæki og 20 prósentustig fyrir litil fyrirtæki.

3.8.3. Styrkhæfur kostnaður ⁽²⁴⁰⁾

- A) Staðfestið að styrkhæfur kostnaður takmarkist við þann viðbótarkostnað vegna fjárfestingarinnar sem er nauðsynlegur til að ráðast í fjárfestingu í meðhöndlun á úrgangi og sem þiggjandi aðstoðarinnar stendur straum af, miðað við viðmiðunarfjárfestingu, þ.e. hefðbundna framleiðslu með sömu afkastagetu sem ekki tekur til meðhöndlunar á úrgangi:

já

- B) Staðfestið enn fremur:

að nákvæmur kostnaður í tengslum við meðhöndlun á úrgangi myndi styrkhæfan kostnað ef auðvelt er að sýna fram á kostnaðinn við að fjárfesta í meðhöndlun á úrgagni,

EDA

að viðbótarkostnaðurinn vegna fjárfestingarinnar sé ákvarðaður með því að bera fjárfestinguna saman við staðleysuáðstæður án aðstoðar, þ.e. viðmiðunarfjárfestingu ⁽²⁴¹⁾,

OG

að kostnaður slikrar viðmiðunarfjárfestingar sé dregin frá styrkhæfum kostnaði,

að styrkhæfur kostnaður sé reiknaður að frádregnum **hvers konar rekstrarhagnaði** og rekstrar-kostnaði sem tengist viðbótarfjárfestingunni vegna meðhöndlunar á úrgangi og sem fellur til á fyrstu fimm árum viðkomandi fjárfestingar.

- C) Í hvaða mynd er styrkhæfur kostnaður?

fjárfestingar í efnislegum eignum,

fjárfestingar í óefnislegum eignum.

- D) Ef um er að ræða fjárfestingar í efnislegum eignum tilgreinið í hvaða mynd viðkomandi fjárfestingar eru:

fjárfestingar í landi sem eru algerlega nauðsynlegar til að uppfylla umhverfismarkmið,

fjárfestingar í byggingum sem ætlað er að draga úr eða eyða mengun og óhollustu,

fjárfestingar í stöðvum og búnaði sem ætlað er að draga úr eða eyða mengun og óhollustu,

fjárfestingar til að aðlaga framleiðsluáðferðir í því skyni að vernda umhverfið.

- E) Ef um er að ræða fjárfestingar í óefnislegum eignum (tæknifyrfærslu með öflun rekstrarleyfa eða verkunnáttu með eða án einkaleyfis) staðfestið að slík óefnisleg eign fullnægi eftirfarandi skilyrðum:

litið er á hana sem afskrifanlega eign,

hún er keypt á markaðskjörum af fyrirtæki sem kaupandinn hefur ekki nein bein eða óbein yfirráð yfir,

hún er talin með eignum fyrirtækisins og verður áfram í starfsstöð þiggjanda aðstoðarinnar og notuð þar í a.m.k. fimm ár ⁽²⁴²⁾.

Staðfestið enn fremur að verði óefnislega eignin seld á þessum fimm árum:

verði hagnaðurinn af sölunni dreginn frá styrkhæfum kostnaði

OG

öll aðstoðarfjárhæðin eða hluti hennar verði, eftir því sem við á, endurgreidd.

- F) Þegar um er að ræða aðstoðarkerfi, tilgreinið nákvæma reikningsaðferð, með tilvísun í staðleysuáðstæður, sem notuð verður fyrir allar stakar styrkveitingar sem grundvallast á kerfinu sem er tilkynnt og látið í té viðeigandi gögn:

.....

⁽²⁴⁰⁾ Sjá nánar í 130. og 131. lið í leiðbeinandi reglum um aðstoð til umhverfisverndar.

⁽²⁴¹⁾ Réttur staðleysukostnaður er kostnaðurinn vegna sambærilegrar fjárfestingar tæknilega séð sem hefði í för með sér minni umhverfisvernd og sem trúlega yrði ráðist í án aðstoðar. Sjá b-lið 81. liðar í leiðbeinandi reglum um aðstoð til umhverfisverndar.

⁽²⁴²⁾ Vakin er athygli á því að þetta skilyrði á ekki við ef óefnislega eignin er tæknilega séð úrelt.

Þegar um er að ræða stakar aðstoðarráðstafanir, tilgreinið nákvæman útreikning á styrkhæfum kostnaði í tengslum við tilkynnt fjárfestingarverkefni, með tilvísun í staðleysuáðstæður, og látið í té viðeigandi gögn:

.....

.....

.....

.....

3.9. Aðstoð til að hreinsa menguð svæði ⁽²⁴³⁾

3.9.1. Almenn skilyrði

Staðfestið að eftirfarandi skilyrðum sé fullnægt:

- fjárfestingaraðstoð til fyrirtækis sem lagfærir umhverfisspjöll með því að hreinsa menguð svæði ⁽²⁴⁴⁾ leiðir til betri umhverfisverndar.

Látið í té nákvæma lýsingu á þessum umhverfisverndarumbótum, þ.m.t., ef við á eða liggi þær fyrir, upplýsingar um svæðið, tegund mengunarinnar, lýsingu á starfseminni sem olli menguninni og áætlað fyrirkomulag hreinsunarinnar:

.....

.....

- ekki er hægt að komast að því hvaða mengandi ⁽²⁴⁵⁾ ber ábyrgð á mengun svæðisins eða hann getur ekki staðið straum af kostnaðinum.

Látið í té nákvæmar upplýsingar og gögn sem sýna fram á að fyrrnefndu skilyrði sé fullnægt:

.....

.....

3.9.2. Aðstoðarhlutföll og styrkhæfur kostnaður

- A) Hvert er gildandi grunnhlutfall aðstoðar fyrir tilkynnta ráðstöfun ⁽²⁴⁶⁾?

.....

.....

- B) Staðfestið að heildarfjárhæð aðstoðar fari ekki undir nokkrum kringumstæðum yfir raunverulegan kostnað við hreinsunina:

já

- C) Tilgreinið kostnaðinn við hreinsunina ⁽²⁴⁷⁾:

.....

.....

- D) Staðfestið að hækkun á verðmæti landsins sé dreginn frá styrkhæfum kostnaði:

já

Látið í té nákvæmar upplýsingar um hvernig þetta verður tryggt:

.....

.....

- E) Þegar um er að ræða aðstoðarkerfi, tilgreinið nákvæma reikningsaðferð, í samræmi við fyrrnefndar meginreglur, sem notuð verður fyrir allar stakar styrkveitingar sem grundvallast á kerfinu sem er tilkynnt og látið í té viðeigandi gögn:

.....

.....

.....

.....

⁽²⁴³⁾ Sbr. undirkafla 3.1.10 í leiðbeinandi reglum um aðstoð til umhverfisverndar.

⁽²⁴⁴⁾ Þau umhverfisspjöll sem um ræðir eru spjöll á gæðum jarðvegs, yfirborðsvatns eða grunnvatns.

⁽²⁴⁵⁾ Í þessu sambengi er með hugtakinu „mengunarvaldur“ átt við þann aðila sem samkvæmt gildandi lögum í hverju EFTA-ríki telst ábyrgur, með fyrirvara um samþykkt EB-reglna á þessu sviði.

⁽²⁴⁶⁾ Aðstoðin getur numið 100% af styrkhæfum kostnaði.

⁽²⁴⁷⁾ Allur kostnaður, sem fellur á fyrirtækið vegna hreinsunar á svæði sínu, hvort sem hægt er að sýna slíkan kostnað sem fasta fjármuni í efnahagsreikningi eða ekki, telst vera styrkhæf fjárfesting þegar um er að ræða hreinsun mengaðra svæða.

Þegar um er að ræða stakar aðstoðarráðstafanir, tilgreinið nákvæman útreikning á styrkhæfum kostnaði í tengslum við tilkynnt fjárfestingarverkefni, í samræmi við fyrnefndar meginreglur, og látið í té viðeigandi gögn:

.....
.....
.....
.....

3.10. Aðstoð til flutnings á fyrirtæki ⁽²⁴⁸⁾

3.10.1. Almenn skilyrði

A) Staðfestið:

- að flutningurinn ráðist af umhverfisverndar- eða forvarnarsjónarmiðum og hafi verið fyrirskipaður með stjórnsýslu- eða dómsákvörðun þar til bær opinbers yfirvalds eða að fyrirtækið og þar til bært opinbert yfirvald hafi komið sér saman um hann,
- að fyrirtækið fullnægi ströngustu umhverfisstöðlum sem gilda á nýja svæðinu þar sem það verður staðsett.

.....
.....

Látið í té nákvæmar upplýsingar og gögn sem sýna fram á fyrnefndum skilyrðum sé fullnægt:.....

B) Staðfestið að þiggjandi aðstoðarinnar:

- sé fyrirtæki, staðsett á þéttbýlissvæði eða sérstöku verndarsvæði í skilningi tilskipunar ráðsins 92/43/EBE frá 21. maí 1992 um verndun náttúrulegra heimkynna og villtra plantna og dýra ⁽²⁴⁹⁾, sem stundar með lögmætum hætti starfsemi sem hefur í för með sér meiri háttar mengun og verði vegna þessarar staðsetningar að flytja sig til hentugri staðar,

EDA

- sé fyrirtæki eða stöð sem fellur undir gildissvið Seveso II-tilskipunarinnar ⁽²⁵⁰⁾.

Látið í té nákvæmar upplýsingar og viðeigandi gögn:

.....
.....

3.10.2. Aðstoðarhlutföll og styrkhæfur kostnaður

A) Hvert er gildandi grunnhlutfall aðstoðar fyrir tilkynnta ráðstöfun ⁽²⁵¹⁾?.....

B) Fæst hækkun til lítilla og meðalstórra fyrirtækja samkvæmt tilkynntri ráðstöfun?

- já nei

Ef svarið er já, tilgreinið hækkunina sem fæst ⁽²⁵²⁾:

C) Látið í té nákvæmar upplýsingar og viðeigandi gögn (ef við á) um eftirfarandi atriði sem tengjast flutningsaðstoð:

a) ávinning:

- hagnaður af sölu eða leigu á yfirgefni verkstöð eða svæði:

.....
.....

- greiddar bætur komi til eignarnáms:

.....
.....

⁽²⁴⁸⁾ Sbr. undirkafla 3.1.11 í leiðbeinandi reglum um aðstoð til umhverfisverndar.

⁽²⁴⁹⁾ Stjtið. EB L 206, 22.7.1992, bls. 7. Tilskipuninni var breytt með tilskipun 2006/106/EB (Stjtið. ESB L 363, 20.12.2006, bls. 368).

⁽²⁵⁰⁾ Tilskipun ráðsins 96/82/EB um varnir gegn hættu á störslysum af völdum hættulegra efna Stjtið. EB L 10, 14.1. 1997, bls. 13 (felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 97/97 (Stjtið. EB L 193, 9.7.1998, bls. 53, og EES-viðbætur nr. 27, 9.7.1998, bls. 81), sem öðlaðist gildi 1.12.1997), eins og henni var breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/105/EB frá 16. desember 2003 (felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 113/2004 (Stjtið. ESB L 376, 23.12.2004, bls. 51, og EES-viðbætur nr. 65, 23.12.2004, bls. 34), sem öðlaðist gildi 10.7.2004).

⁽²⁵¹⁾ Hámarkshlutfall aðstoðar er 50% af styrkhæfum fjárfestingarkostnaði.

⁽²⁵²⁾ Heimilt er að hækka aðstoðarhlutfallið um 10 prósentustig fyrir meðalstór fyrirtæki og 20 prósentustig fyrir lítil fyrirtæki.

- annar ávinningur sem tengist flutningi á verkstöð, m.a. ávinningur í formi betri tækni sem notuð er í kjölfar flutningsins og bókhaldshagnaður vegna betri nýtingar á verkstöð:

.....

- fjárfestingar í tengslum við aukna afkastagetu:

.....

- annar hugsanlegur ávinningur:

.....

b) kostnað:

- kostnaður í tengslum við kaup á landi eða byggingu eða kaupa á nýrri verkstöð með sömu afkastagetu og yfirgefna stöðin:

.....

- hugsanlegar sektir á fyrirtækið vegna uppsagnar þess á samningi um leigu á landi eða byggingum, ef fyrirskipaður flutningur samkvæmt stjórnvalds- eða dómsákvörðun leiðir til ótímabærrar uppsagnar samningsins:

.....

- annar hugsanlegur kostnaður

.....

- D) Þegar um er að ræða aðstoðarkerfi, tilgreinið reikningsaðferð (t.d. á grundvelli fræðilegs dæmis) fyrir styrkhæfan kostnað/fjárhæð aðstoðar, þ.m.t. ávinningur/kostnaður sem um getur í C-lið, sem notuð verður fyrir allar stakar styrkveitingar sem grundvallast á kerfinu sem er tilkynnt:

.....

Þegar um er að ræða stakar aðstoðarráðstafanir, tilgreinið nákvæman útreikning á styrkhæfum kostnaði/fjárhæð aðstoðar vegna fjárfestingarverkefnisins sem er tilkynnt, þ.m.t. ávinningur/kostnaður sem um getur í C-lið, og látið í té viðeigandi gögn:

.....

3.11. Aðstoð sem felst í kerfum framseljanlegra losunarheimilda ⁽²⁵³⁾

- A) Látið í té nákvæma lýsingu á framseljanlegum losunarheimildum, þ.m.t. markmið, úthlutunaraðferð, yfirvöld/stofnanir sem hlut eiga að máli, hlutverk ríkisins, þiggjendur aðstoðarinnar og málsmeðferð:

.....

⁽²⁵³⁾ Sbr. undirkafla 3.1.11 í leiðbeinandi reglum um aðstoð til umhverfisverndar.

B) Gerið grein fyrir hvernig:

- kerfið fyrir framseljanlegar losunarheimildir miðar að því að ná umhverfismarkmiðum sem ganga lengra en gert er ráð fyrir í EB-reglum sem eru bindandi fyrir hlutaðeigandi fyrirtæki:

.....

- staðið er að úthlutuninni á gagnsæjan hátt á grundvelli hlutlægra viðmiða og upplýsingaheimilda í hæsta fánlegum gæðaflokki:

.....

- heildarfjöldi framseljanlegra heimilda eða kvóta sem hvert fyrirtæki fær á verði undir markaðsverði fer ekki yfir áætlaða þörf fyrirtækisins í aðstæðum þar sem ekkert kerfi fyrir framseljanlegar heimildir er fyrir hendi:

.....

- úthlutunaraðferðin ívilnar ekki tilteknum fyrirtækjum eða atvinnugreinum,

Ef úthlutunaraðferðin ívilnar tilteknum fyrirtækjum eða atvinnugreinum, útskýrið hvernig það er réttlætt með hliðsjón af umhverfisrökum sjálfs kerfisins eða nauðsynlegt vegna samræmis við önnur umhverfisstefnumið:

Útskýrið enn fremur hvernig:

- nýir markaðsaðilar skuli að meginreglu til fá heimildir eða kvóta með hagstæðari skilmálum en fyrirtæki sem þegar starfa á sömu mörkuðum:

.....

- fái fyrirbyggjandi stöðvar hærri kvótaúthlutun miðað við nýja markaðsaðila megi það ekki leiða til ónauðsynlegra hindrana á markaðsaðgangi:

.....

Látið í té nákvæmar upplýsingar og gögn sem sýna fram á fyrrnefndum skilyrðum sé fullnægt:

.....

C) Staðfestið að kerfið fullnægi eftirfarandi viðmiðum ⁽²⁵⁴⁾:

- val á þiggjendum aðstoðarinnar grundvallast á hlutlægum og gagnsæjum viðmiðum og aðstoðin er að meginreglu til veitt á sama hátt til allra samkeppnisaðila í sömu atvinnugrein/á sama markaði sem skiptir máli ef þeir í reynd eru í sambærilegri stöðu

OG

- ef allar losunarheimildir eru boðnar út leiði það til verulegrar aukningar á framleiðslukostnaði fyrir hverja atvinnugrein eða flokk einstakra þiggjenda aðstoðar,

OG

- ekki er hægt að færa aukinn kostnað af kerfinu í fyrir framseljanlegar losunarheimildir yfir á neytendur án þess að það leiði til verulegs samdráttar í sölu ⁽²⁵⁵⁾

OG

⁽²⁵⁴⁾ Vakin er athygli á því að þessi viðmið gilda ekki um viðskiptatímabilið sem lýkur 31. desember 2012 að því er varðar kerfi framseljanlegra heimilda í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins frá 13. október 2003 um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Evrópubandalagsins og um breytingu á tilskipun ráðsins 96/61/EB (Stjtið ESB L 275, 25.10.2003, bls. 32–46) (felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 146/2007 (Stjtið. ESB L 100, 10.4.2008, bls. 92, og EES-viðbætur nr. 19, 10.4.2008, bls. 90).

⁽²⁵⁵⁾ Hægt er að framkvæma þessa greiningu á grundvelli mats, m.a. á verðsveigjanleika vörunnar í viðkomandi atvinnugrein. Þetta mat yrði framkvæmt á þeim landfræðilega markaði sem skiptir máli. Einnig er hægt að nota mat á tapaðri sölu sem og áhrif þess á arðsemi fyrirtækisins.

besta fáanleg tækni á EES var notuð sem viðmiðunargildi fyrir úthlutaðan fjölda losunarheimilda.
Látið í té nákvæmar upplýsingar sem sýna hvernig þessum viðmiðum er beitt:

.....

.....

4. Hvatningaráhrif og nauðsyn aðstoðar ⁽²⁵⁶⁾

4.1. Almenn skilyrði

A) Hófst styrkta verkefnið eða verkefni áður en þiggjandi (þiggjendur) aðstoðarinnar innlendum yfirvöldum umsóknina um aðstoð?

já nei

Ef svarið er já, þá telur Eftirlitsstofnun EFTA að aðstoðin feli ekki í sér hvata fyrir þiggjanda aðstoðarinnar ⁽²⁵⁷⁾.

B) Ef svarið er nei, tilgreinið viðeigandi dagsetningar:

– Umhverfisverkefnið hófst:

– Þiggjandi aðstoðarinnar sendi innlendum yfirvöldum umsóknina um aðstoð hinn:

Látið í té viðeigandi fylgiskjöl.

4.2. Mat á hvatningaráhrifum

Ef aðstoð er veitt

- öðrum fyrirtækjum en litlum og meðalstórum fyrirtækjum
- litlum og meðalstórum fyrirtækjum, en verður að vera metin á grundvelli ítarlegra mats

mun Eftirlitsstofnun EFTA gera kröfu um að sýnt sé fram á hvatningaráhrif með mati. Haldið áfram með næstu spurningar. Að öðrum kosti telur Eftirlitsstofnun EFTA að krafa um hvatningaráhrif sé sjálfkrafa uppfyllt að því er varðar viðkomandi ráðstöfun.

4.2.1. Almenn skilyrði

Ef nauðsynlegt er að sýna fram á hvatningaráhrif á marga þiggjendur aðstoðar sem taka þátt í tilkynntu verkefni skal láta í té upplýsingarnar hér að neðan fyrir sérhvern þeirra.

Til þess að sýna fram á hvatningaráhrif gerir Eftirlitsstofnun EFTA kröfu um mat frá aðildarríkinu sem sýnir að án aðstoðar, þ.e. í staðleysuaðstæðum, myndi annar umhverfisvænni kostur ekki hafa verið valinn. Látið í té eftirfarandi upplýsingar.

4.2.2. Viðmið

A) Sýnið fram á trúverðugleika staðleysuaðstæðnanna:

.....

.....

B) Hefur aðstoðarhæfur kostnaður verið reiknaður í samræmi við aðferðafræðina sem sett er fram í 81., 82. og 83. lið leiðbeinandi reglnanna?

já nei

Látið í té nákvæmar upplýsingar og viðeigandi gögn sem sýna aðferðafræðina sem er notuð

.....

.....

C) Hefði fjárfestingin orðið nægilega arðbær án aðstoðar?

já nei

Látið í té nákvæmar upplýsingar og gögn um þá arðsemi sem um ræðir ⁽²⁵⁸⁾:

.....

.....

⁽²⁵⁶⁾ Sjá undirkafla 3.2 í leiðbeinandi reglum um aðstoð til umhverfisverndar.

⁽²⁵⁷⁾ Sjá 143. lið í leiðbeinandi reglum um aðstoð til umhverfisverndar.

⁽²⁵⁸⁾ Taka skal tilhlýðilegt tillit til þess ávinnings sem tengist fjárfestingu sem fær ekki aðstoð, þ.m.t. verðmæti framseljanlegra heimilda sem fyrirtækið getur fengið aðgang að í kjölfar umhverfisvænnar fjárfestingar.

5. Samrýmanleiki aðstoðar samkvæmt stafl. b) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins

Aðstoð vegna umhverfisverndar til að stuðla að framkvæmd mikilvægs verkefnis ⁽²⁵⁹⁾ í þágu sameiginlegra evrópskra hagsmunamála getur talist samrýmast sameiginlega markaðinum samkvæmt stafl. b) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

5.1. Almenn skilyrði (samanlögð)

A) Látið í té nákvæmar upplýsingar og viðeigandi gögn um skilyrði fyrir framkvæmd verkefnisins sem tilkynnt hefur verið, þ.m.t. þáttakendur í því, markmið þess og áhrif sem og aðferðirnar til að ná þessum markmiðum ⁽²⁶⁰⁾:

.....

B) Staðfestið:

að verkefnið þjóni samevrópskum hagsmunum ⁽²⁶¹⁾: það eflir hagsmuni EES á markvissan, skýran og auðþekktanlegan hátt á sviði umhverfisverndar ⁽²⁶²⁾,

OG

að ávinningurinn sem næst með verkefninu takmarkist ekki við eitt EFTA-ríki eða EFTA-ríkin sem hrinda því í framkvæmd heldur taki til alls EES ⁽²⁶³⁾,

OG

að verkefnið stuðli verulega að því að ná markmiðum EES.

Látið í té nákvæmar upplýsingar og gögn:

.....

B) Látið í té nákvæmar upplýsingar og gögn sem sýna fram á að aðstoðin sé nauðsynleg OG sé hvati til að hrinda verkefninu í framkvæmd:

.....

D) Látið í té nákvæmar upplýsingar og gögn sem sýna fram á að verkefnið feli í sér mikla áhættu:

.....

E) Látið í té nákvæmar upplýsingar og gögn sem sýna fram á að verkefnið sé mjög mikilvægt að því er umfang varðar ⁽²⁶⁴⁾:

.....

F) Tilgreinið persónulegt framlag aðstoðarþega ⁽²⁶⁵⁾ til verkefnisins:

.....

G) Tilgreinið frá hvaða EFTA-ríkjum fyrirtækin sem taka þátt í tilkynntu verkefni koma ⁽²⁶⁶⁾.

.....

⁽²⁵⁹⁾ Eftirlitsstofnun EFTA kann einnig að líta svo á að flokkur verkefna til samans myndi eitt verkefni.

⁽²⁶⁰⁾ Vakin er athygli á því að verkefnið verði að vera sértek og skýrt skilgreind með tilliti til þessara.

⁽²⁶¹⁾ Vakin er athygli á að sýna verður fram á sameiginleg hagsmunamál EES í reynd, t.d. verður að sýna fram á að verkefnið stuðli að því að verulegar framfarir verði í því að ná sérstökum markmiðum EES.

⁽²⁶²⁾ Til dæmis að það hafi mikla þýðingu fyrir umhverfisstefnu EES eða Evrópusambandsins.

⁽²⁶³⁾ Sú staðreynd að fyrirtæki í mismunandi löndum annast verkefnið nægir ekki.

⁽²⁶⁴⁾ Vakin er athygli á því að það verður að vera mjög stórt og hafa í för með sér verulega mikla umhverfisvernd.

⁽²⁶⁵⁾ Vakin er athygli á því að Eftirlitsstofnun EFTA mun taka jákvæðari afstöðu til tilkynnta verkefna ef persónulegt framlag þiggjanda aðstoðarinnar er verulegt.

⁽²⁶⁶⁾ Vakin er athygli á því að Eftirlitsstofnun EFTA mun taka jákvæðari afstöðu til tilkynnta verkefna ef þau taka til fyrirtækja frá mörgum EES-ríkjum.

5.2. Lýsing á verkefninu

Látið í té nákvæma lýsingu á verkefninu, þ.m.t. uppbygging/skipulagning þiggjenda aðstoðar, fjárhagsáætlun, fjárhæð aðstoðar, aðstoðarhlutfall ⁽²⁶⁷⁾ viðkomandi fjárfestinga og styrkhæfur kostnaður. Nánari leiðbeiningar er að finna í 3. undirkafla á þessu eyðublaði fyrir viðbótarupplýsingar

.....

.....

6. Aðstoð í formi lækkana á umhverfissköttum eða undanþágu frá þeim ⁽²⁶⁸⁾

6.1. Almenn skilyrði

A) Útskýrið hvernig skattalækkunar eða undanþága frá sköttum stuðlar óbeint að aukinni umhverfisvernd og færrið rök fyrir því hvers vegna skattalækkunar eða undanþága frá þeim grefur ekki undan því almenna markmiði sem leitast er við að ná:

.....

.....

B) Þegar um er að ræða lækkunar eða undanþágu frá samhæfðum sköttum Evrópubandalagsins staðfestið að:

aðstoðin sé veitt að hámarki í 10 ár,

OG

að þiggjendur aðstoðar greiði a.m.k. lágmarksskatt Evrópubandalagsins sem kveðið er á um í viðeigandi gildandi tilskipun ⁽²⁶⁹⁾.

Látið í té gögn fyrir hvern flokk aðstoðarþega sem sýna lágmarksskattinn sem ber að greiða (skattinn sem er raunverulega greiddur, helst í evrum og í sömu einingum og í gildandi EES-rétti)

.....

.....

að lækkunin eða undanþágan sé veitt í samræmi við gildandi EES-rétt og fylgi þeim takmörkunum og skilyrðum sem þar er kveðið á um:

Vísið í viðeigandi ákvæði og leggið fram gögn þar að lútandi:

.....

.....

C) Þegar um er að ræða lækkunar eða undanþágu frá umhverfissköttum, sem hafa ekki verið samhæfir, eða skatta sem hafa verið samhæfir, en aðstoðarþegar greiða lægri skatt en lágmarksskatt Evrópubandalagsins, staðfestið að aðstoðin sé veitt að hámarki í tíu ár:

já nei

Látið ennfremur í té eftirfarandi:

– nákvæma lýsingu á þeirri atvinnugrein eða greinum sem eru undanþegar:

.....

.....

– upplýsingar fyrir hverja atvinnugrein að því er varðar bestu tækni á EES með tilliti til þess að dregið sé úr tjóni á umhverfinu sem skatturinn beinist að:

.....

.....

⁽²⁶⁷⁾ Vakin er athygli á því að Eftirlitsstofnun EFTA kann að heimila hærri hlutföll en mælt er fyrir um í leiðbeinandi reglum um aðstoð til umhverfisverndar.

⁽²⁶⁸⁾ Vera má að tiltekin löggjöf sem kveður á um slíkar EB-reglur hafi ekki verið felld inn í EES-samninginn. Að auki fellur löggjöf Evrópubandalagsins um skattasamhæfingu utan gildissviðs EES-samningsins. Til að tryggja samræmda beitingu á ákvæðum um ríkisaðstoð og jöfn samkeppnisskilyrði á öllu Evrópska efnahagssvæðinu mun Eftirlitsstofnun EFTA þó alla jafna beita sama viðmiðunargrundvelli og er að finna í leiðbeinandi reglum Evrópubandalagsins, þegar hún metur hvort umhverfisaðstoð samrýmist framkvæmd EES-samningsins, um leið og hún tekur mið af sérstöku lagaumhverfi EFTA-rikkanna. Stofnunin leggur áherslu á að slíkar tilvisanir í EB-rétt feli það ekki í sér að EFTA-ríkin séu skuldbundin til að fara að ákvæðum EB-réttar, hafi þau ekki verið felld inn í EES-samninginn. Þau mynda eingöngu grundvöll fyrir mat Eftirlitsstofnunar EFTA á því hvort aðstoðarráðstöfun sé í samræmi við framkvæmd EES-samningsins í skilningi 3. mgr. 61. gr. hans. (Sjá 10. mgr. í leiðbeinandi reglum um aðstoð til umhverfisverndar).

⁽²⁶⁹⁾ „Lágmarksskattur Evrópubandalagsins“ merkir þá lágmarksskattlagningu sem kveðið er á um í EB-rétti. Að því er varðar orkuvörur og raforku merkir lágmarksskattur Evrópubandalagsins þá lágmarksskattlagningu sem mælt er fyrir um í I. viðauka við tilskipun ráðsins 2003/96/EB frá 27. október 2003 um endurskipulagningu á ramma Evrópubandalagsins fyrir skattlagningu orkuvara og raforku (Stjtið. ESB L 283, 31.10.2003, bls. 51). Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2004/75/EB (Stjtið. ESB L 157, 30.4.2004, bls. 100).

- skrá yfir 20 stærstu þiggjendur aðstoðar sem fá undanþágu/lækkunar sem og nákvæma lýsingu á stöðu þeirra, einkum veltu, markaðshlutdeild þeirra og skattstofni:

.....

6.2. Nauðsyn aðstoðar:

Staðfestið:

- að val á þiggjendum aðstoðarinnar grundvallist á hlutlægum og gagnsæjum viðmiðum og að aðstoðin sé að meginreglu til veitt á sama hátt öllum samkeppnisaðilum í sömu atvinnugrein/á sama viðkomandi markaði sem í raun búa við sambærilegar aðstæður

OG

- að umhverfisskattur án lækkunar myndi leiða til verulegrar hækkunar á framleiðslukostnaði fyrir hverja atvinnugrein eða flokk einstaka aðstoðarþega ⁽²⁷⁰⁾

OG

- að án aðstoðarinnar myndi slík veruleg hækkun á framleiðslukostnaði leiða til mikils samdráttar í sölu færðist hann yfir á neytendur ⁽²⁷¹⁾.

Látið í té nákvæmar upplýsingar um framangreind skilyrði:

.....

6.3. Meðalhóf aðstoðarinnar

Tilgreinið hverju eftirfarandi skilyrða er fullnægt:

- A) Tekur kerfið til viðmiða sem tryggja að sérhver þiggjandi aðstoðar greiði það hlutfall af innlendum skatti sem samsvarar í grófum dráttum árangri þeirra í umhverfismálum samanborið þann árangur sem besta tækni innan EES skilar?

já nei

Látið í té nákvæmar upplýsingar og viðeigandi gögn sem sýna að þessu skilyrði sé fullnægt:

.....

- B) Greiða þiggjendur aðstoðar a.m.k. 20% af innlenda skattinum?

já nei

Ef svarið er nei, sýnið fram á hvernig hægt er að réttlæta lægra hlutfall í ljósi takmarkaðrar röskunar á samkeppni:

.....

- C) Eru lækkunarinnar eða undanþágurnar háðar því skilyrði að fyrirtækin, eða samtök fyrirtækja, sem njóta aðstoðar, og EFTA-ríkið geri með sér samninga?

já nei

Ef svarið er já, leggið fram upplýsingar og gögn sem sýna að fyrirtækin eða samtök fyrirtækja skuldbinda sig til þess að ná markmiðum umhverfisverndar sem hafa sömu áhrif og i) skattlagning sem tengist árangri í umhverfismálum ⁽²⁷²⁾ eða ii) 20% af innlenda skattinum ⁽²⁷³⁾ eða iii) beiting á lágsta skattstigi Evrópu-bandalagsins:

.....

⁽²⁷⁰⁾ Að því er varðar orkuvörur og raforku, teljast „orkufrek fyrirtæki“, eins og þau eru skilgreind í a-lið 1. mgr. 17. gr. tilskipunar 2003/96/EB, uppfylla þetta viðmið svo lengi sem þetta ákvæði gildir.

⁽²⁷¹⁾ Í þessu samhengi geta EFTA-ríkin lagt fram mat, m.a. á áætluðu sölutapi og/eða skertum hagnaði fyrirtækja í viðkomandi atvinnugrein eða flokki.

⁽²⁷²⁾ Það er að segja sömu áhrif og ef kerfið tæki til viðmiða sem tryggðu að sérhver þiggjandi aðstoðar greiddi það hlutfall af innlendum skatti sem í grófum dráttum samsvarar árangri þeirra í umhverfismálum samanborið þann árangur sem besta tækni innan EES skilar, sjá a-lið í 159. lið leiðbeinandi reglnanna.

⁽²⁷³⁾ Nema hægt sé að réttlæta lægra hlutfall í ljósi takmarkaðrar samkeppnisröskunar, sjá b-lið í 159. lið leiðbeinandi reglnanna.

Staðfestið enn fremur:

- að samið hafi verið um efni samninganna af hálfu EFTA-ríkisins þar sem tilgreind eru markmið og tímaáætlun fastsett til að ná þeim,
- að EFTA-ríkið tryggi óháð eftirlit á tilteknum tíma með skuldbindingunum sem þessir samningar fela í sér,
- að þessir samningar verði endurskoðaðir reglulega með tilliti til tæknipróunar og annarrar þróunar og í þeim sé kveðið á um skilvirk viðurlög verði þessum skuldbindingum ekki fullnægt.

Tilgreinið markmið og tímaáætlun fyrir hverja atvinnugrein og lýsið eftirlitinu og endurskoðunarfyrikomulaginu (t.d. hver framkvæmir það og hversu oft) sem og fyrirkomulaginu á viðurlögum:

.....

7. Viðmið sem kalla á ítarlegt mat ⁽²⁷⁴⁾

Tilgreinið ef tilkynnt aðstoð fellur undir eftirfarandi flokka aðstoðar:

- að því er varðar ráðstafanir sem falla undir reglugerðina um almenna hópundanþágu, var málið tilkynnt Eftirlitsstofnun EFTA samkvæmt skuldbindingunni um að tilkynna aðstoð sérstaklega í samræmi við hópundanþágureglugerðina,
- fjárfestingaraðstoð, ef fjárhæð aðstoðar fer yfir 7,5 milljónir evra fyrir eitt fyrirtæki (jafnvel þótt aðstoðin sé hluti af viðurkenndu aðstoðarkerfi),
- rekstraraðstoð til orkusparnaðar, ef fjárhæð aðstoðar fer yfir 5 milljónir evra á hvert fyrirtæki í fimm ár,
- rekstraraðstoð fyrir framleiðslu á endurnýjanlegri raforku og/eða samþætta framleiðslu á endurnýjanlegum varma, þegar aðstoðin er veitt stöðvum sem framleiða endurnýjanlega raforku á stöðum þar sem framleiðslugetan á endurnýjanlegri raforku í kjölfarið fer yfir 125 MW,
- rekstraraðstoð fyrir framleiðslu á lifeldsneyti, ef aðstoðin er veitt stöðvum til að framleiða lifeldsneyti á stöðum þar sem framleiðslan í kjölfarið fer yfir 150 000 tonn á ári,
- rekstraraðstoð fyrir samvinnslu raf- og varmaorku ef aðstoðin er veitt stöðvum fyrir samvinnslu raf- og varmaorku þar sem framleiðslugetan til að framleiða raforku frá samvinnslu raf- og varmaorku í kjölfarið fer yfir 200 MW ⁽²⁷⁵⁾,
- rekstraraðstoð sem veitt er nýjum verum sem framleiða endurnýjanlega orku á grundvelli útreiknings á þeim ytri kostnaði sem komist er hjá ⁽²⁷⁶⁾.

Í þessu tilviki skal láta í té rökstudda og meginlega samanburðarkostnaðargreiningu svo og mat á ytri kostnaði samkeppnisorkuframleiðenda, þannig að sýnt sé fram á að aðstoðin bæti í raun upp þann ytri kostnað sem komist er hjá ⁽²⁷⁷⁾.

Heyri tilkynnt ráðstöfun undir a.m.k. einn þessara flokka þá fellur hún undir ítarlegt mat og veita skal viðbótarupplýsingar til þess að gera Eftirlitsstofnun EFTA kleift að framkvæma ítarlegt mat (8. hluti þessa eyðublaðs fyrir viðbótarupplýsingar).

8. Viðbótarupplýsingar fyrir ítarlegt mat ⁽²⁷⁸⁾

Ef fleiri en einn þiggjandi aðstoðar tekur þátt í tilkynntu verkefni sem fellur undir ítarlegt mat skal láta í té eftirfarandi upplýsingar fyrir sérhvern þeirra. Þetta er með fyrirvara um nákvæma lýsingu á tilkynntu verkefni, þ.m.t. allir þátttakendur, í fyrri hlutum þessa eyðublaðs fyrir viðbótarupplýsingar.

8.1. Almennar athugasemdir

Markmiðið með þessu ítarlega mati er að tryggja að háar fjárhæðir aðstoðar vegna umhverfisverndar raski ekki samkeppni að því marki að stríði gegn sameiginlegum hagsmunum, heldur þjóni í reynd sameiginlegum hagsmunamálum. Það verður þegar ávinningurinn af ríkisaðstoð í formi betri umhverfisverndar vegur þyngra en skaðleg áhrif á samkeppni og viðskipti ⁽²⁷⁹⁾.

Þetta ítarlega mat er gert á grundvelli *jákvæðra og neikvæðra þátta sem tilgreindir eru í hlutum 5.2.1 og 5.2.2 í leiðbeinandi reglum um aðstoð til umhverfisverndar og sem notaðir eru auk viðmiðanna sem sett eru fram í 3. kafla leiðbeinandi reglna um aðstoð til umhverfisverndar.*

⁽²⁷⁴⁾ Sbr. undirkafla 5.1 í leiðbeinandi reglum um aðstoð til umhverfisverndar.

⁽²⁷⁵⁾ Vakin er athygli á því að aðstoð vegna framleiðslu á varma með samvinnslu raf- og varmaorku verður metin með tilliti til tilkynningar sem grundvallast á raforku.

⁽²⁷⁶⁾ Sjá nánar í lið 161 í leiðbeinandi reglum um aðstoð til umhverfisverndar.

⁽²⁷⁷⁾ Vakin er athygli á því að til þess að reikna út ytri kostnað sem komist er hjá verður reikningsaðferðin sem er notuð að vera alþjóðlega viðurkennd og samþykkt af Eftirlitsstofnun EFTA. Enn fremur er bent á að fyrirtækin verða alltaf að endurfjárfesta þá fjárhæð aðstoðar til framleiðenda, sem fer yfir fjárhæðina sem leiðir af valkosti 1 (sbr. 109. lið í leiðbeinandi reglum um aðstoð til umhverfisverndar) vegna rekstraraðstoðar til endurnýjanlegra orkugjafa, í endurnýjanlegum orkugjöfum í samræmi við undirkafla 3.1.6.1.

⁽²⁷⁸⁾ Sbr. undirkafla 5.2 í leiðbeinandi reglum um aðstoð til umhverfisverndar.

⁽²⁷⁹⁾ Að því er varðar nákvæmt mat og samanburð á jákvæðum og neikvæðum þáttum sjá undirkafla 1.3, undirkafla 5.2.1 (166. til 174. lið) og undirkafla 5.2.2 (175. til 188. lið).

Ákvæðin hér að neðan veita leiðsögn um hvers konar upplýsingar Eftirlitsstofnun EFTA getur krafist til að framkvæma ítarlegt mat. Leiðbeiningunum er ætlað að gera ákvarðanir Eftirlitsstofnunar EFTA og rökun fyrir þeim gagnsæ og fyrirsjáanleg til að skapa áreiðanleika og réttarvissu. EFTA-ríkin skulu veita allar upplýsingar sem þau telja vera gagnlegar fyrir matið á málinu.

EFTA-ríkin eru sérstaklega hvött til að styðjast við eftirfarandi upplýsingar. Tilgreinið hvort þessi fylgiskjöl eru með tilkynningunni.

- mat á fyrri ríkisaðstoðarkerfum eða -ráðstöfunum,
- áhrifsmat framkvæmt af yfirvaldinu sem veitir aðstoð,
- aðrar rannsóknir sem tengjast umhverfisvernd.

8.2. *Markaðsbrestur* ⁽²⁸⁰⁾

A) Tilgreinið fyrirhugað framlag ráðstöfunarinnar til umhverfisverndar (í mælanlegu magni) og látið í té fylgiskjöl:

.....

B) Tilgreinið hversu mikilli umhverfisvernd ráðstöfuninni er ætlað að ná miðað við gildandi EB-reglur og/eða reglur annarra EES-ríkja og látið í té fylgiskjöl:

.....

C) Ef um er að ræða aðstoð vegna aðlögunar á innlendum reglum sem ganga lengra en EB-reglur tilgreinið eftirfarandi upplýsingar og (ef við á) fylgiskjöl um:

- eðli, gerð og staðsetningu helstu samkeppnisaðila þiggjanda aðstoðarinnar:

- kostnað vegna beitingar innlendu reglunnar (eða viðskipti með framseljanlegar losunarheimildir) sem þiggjandi aðstoðar yrði að standa straum af væri engin aðstoð veitt:

- samanburð á kostnaði vegna beitingar á þessum reglum fyrir helstu samkeppnisaðila þiggjanda aðstoðarinnar:

8.3. *Viðeigandi stjórnæki* ⁽²⁸¹⁾

Tilgreinið grundvöllinn fyrir þeirri ákvörðun EFTA-ríkisins að nota sértækt stjórnæki á borð við ríkisaðstoð til þess að efla starfsemi á sviði umhverfisverndar og látið í té fylgiskjöl um:

- mat á áhrifum af fyrirhugaðari ráðstöfun,
- samanburðargreiningu á öðrum möguleikum sem EFTA-ríkið íhugaði:
- sönnun um að mengunarbótarreglan sé í heiðri höfð,
- annað:

8.4. *Hvatningaráhrif og nauðsyn aðstoðar* ⁽²⁸²⁾

Auk útreikningsins á viðbótarkostnaði sem greint er frá í 3. kafla í leiðbeinandi reglum um aðstoð til umhverfisverndar gefið nánari upplýsingar um eftirfarandi atriði.

A) Látið í té gögn um sértæka aðgerð eða aðgerðir ⁽²⁸³⁾ sem fyrirtækið hefði gripið til hefði það ekki fengið aðstoð (staðleysugreining) og látið í té fylgiskjöl:

.....

⁽²⁸⁰⁾ Sbr. undirkafla 5.2.1.1 í leiðbeinandi reglum um aðstoð til umhverfisverndar.
⁽²⁸¹⁾ Sbr. undirkafla 5.2.1.2 í leiðbeinandi reglum um aðstoð til umhverfisverndar.
⁽²⁸²⁾ Sbr. undirkafla 5.2.1.3 í leiðbeinandi reglum um aðstoð til umhverfisverndar.
⁽²⁸³⁾ Til dæmis nýjar fjárfestingar, umhverfisvænni framleiðsluáferð og/eða ný umhverfisvænni vara.

- B) Að minnsta kosti eitt eftirfarandi atriði verður að vera fyrir hendi til að sýna fram á áætluð umhverfisáhrif sem tengjast breytingu á hegðun. Tilgreinið þau sem skipta máli fyrir tilkynnta ráðstöfun og látið í té fylgiskjöl:
- aukin umhverfisvernd,
- skjótari upptaka væntanlegra reglna.
- C) Heimilt er að nota eftirfarandi atriði til að sýna fram á hvatningaráhrif. Tilgreinið nánar þau atriði sem skipta máli í tengslum við tilkynnta ráðstöfun og látið í té fylgiskjöl ⁽²⁸⁴⁾:
- ávinningur m.t.t. framleiðslu,
- markaðsskilyrði,
- lögbundnar reglur sem kunna að verða settar síðar (ef samningaviðræður fara áfram fram á vettvangi Evrópubandalagsins til að koma á nýjum eða strangari lögbundnum reglum sem leitast yrði að ná með viðkomandi ráðstöfun),
- áhættustig,
- arðsemi.
- D) Ef um er að ræða aðstoð til fyrirtækja sem eru að aðlagast innlendum reglum, eða fullnægja landsreglum sem ganga lengra en EB-reglur eða eru samþykktar þar sem engum EB-reglum er til að dreifa, tilgreinið upplýsingar og fylgiskjöl sem sýna að þiggjandi aðstoðarinnar hefði orðið fyrir verulegum áhrifum vegna aukins kostnaðar og hefði ekki getað staðið straum af kostnaði tengdum tafarlausri upptöku innlendra reglna:
-
-

8.5. Meðalhóf aðstoðarinnar ⁽²⁸⁵⁾

- A) Látið í té nákvæman útreikning á styrkhæfum kostnaði þar sem sýnt er fram á að hann takmarkist við þann viðbótarkostnað sem er nauðsynlegur til þess að ná fram aukinni umhverfisvernd:
-
-
- B) Var þiggjandi aðstoðarinnar valinn í opnu útboði?
- já nei
- Látið í té nákvæmar upplýsingar ⁽²⁸⁶⁾ og fylgiskjöl:
-
-
- C) Útskýrið hvernig tryggt er að aðstoðin takmarkist við það sem er algerlega nauðsynlegt og látið í té fylgiskjöl:
-
-

8.6. Greining á röskun á samkeppni og viðskiptum ⁽²⁸⁷⁾

8.6.1. Markaðir sem skipta máli og áhrif á viðskipti

- A) Tilgreinið hvort aðstoðin kann að hafa áhrif á samkeppni milli fyrirtækja á einhverjum vörumarkaði.
- já nei

Tilgreinið nánar um vörumarkaðina sem aðstoðin kann að hafa áhrif á ⁽²⁸⁸⁾:

.....

.....

⁽²⁸⁴⁾ Að því er varðar nánari upplýsingar um mismunandi gerðir ávinnings sjá 172. lið í undirkafla 5.2.1.3 í leiðbeinandi reglum um aðstoð til umhverfisverndar

⁽²⁸⁵⁾ Sbr. undirkafla 5.2.1.4 í leiðbeinandi reglum um aðstoð til umhverfisverndar

⁽²⁸⁶⁾ Til dæmis upplýsingar um hvernig jöfn meðferð, gagnsæi og víðsýni eru tryggð.

⁽²⁸⁷⁾ Nánari upplýsingar um neikvæð áhrif er að finna í undirkafla 5.2.2.

⁽²⁸⁸⁾ Sjá nánar í nmgr. 69 í leiðbeinandi reglum um aðstoð til umhverfisverndar.

B) Fyrir hvern þessara markaði gerið grein fyrir áætlaðri markaðshlutdeild þiggjanda aðstoðarinnar:

.....

Fyrir hvern þessara markaða gerið grein fyrir áætlaðri markaðshlutdeild annarra fyrirtækja sem eru á markaðinum. Ef því verður við komið tilgreinið viðeigandi Herfindahl-Hirschman stuðul (HHI):

.....

C) Lýsið uppbyggingu og virkni markaðanna sem skipta máli og látið í té fylgiskjöl:

.....

D) Ef við á tilgreinið upplýsingar um áhrif á viðskipti (breyting á viðskiptaflæði og staðsetning atvinnustarfsemi):

.....

E) Eftirlitsstofnun EFTA mun taka til athugunar eftirfarandi atriði þegar hún greinir möguleikann á því að þiggjandi aðstoðarinnar muni auka eða viðhalda sölu í kjölfar aðstoðarinnar. Tilgreinið þau sem fylgiskjöl eru lögð fram með ⁽²⁸⁹⁾:

- lækkun á eða bætur fyrir framleiðslukostnað á hverja einingu,
- umhverfissvænni framleiðsluáðferð,
- ný vara.

8.6.2. Virkir hvatar/ruðningsáhrif

Eftirlitsstofnun EFTA mun taka til athugunar eftirfarandi atriði þegar hún greinir áhrif aðstoðarinnar á virka hvata fyrir samkeppnisaðila til að fjárfesta ⁽²⁹⁰⁾. Tilgreinið þau sem fylgiskjöl eru lögð fram með.

- fjárhæð aðstoðar,
- hversu oft aðstoð er veitt,
- gildistími aðstoðar,
- lækkun aðstoðar í áföngum,
- vilji til að fullnægja væntanlegum reglum,
- lögboðnar reglur miðað við umhverfismarkmið,
- hætta á krossstyrkjum,
- tæknilegt hlutleysi,
- nýsköpun í samkeppni.

8.6.3. Óskilvirkum fyrirtækjum haldið gangandi ⁽²⁹¹⁾

Eftirlitsstofnun EFTA mun taka eftirfarandi atriði til athugunar þegar hún greinir áhrif aðstoðarinnar svo hægt sé að komast hjá því að fyrirtæki, sem ekki geta lagað sig að umhverfissvænni stöðlum og tækni, vegna þess hve óskilvirk þau eru, fái aðstoð ⁽²⁹²⁾. Tilgreinið þau sem upplýsingar og fylgiskjöl eru lögð fram með:

- tegund styrkþega,
- offramleiðsla í greininni sem aðstoðin beinist að,
- eðlileg hegðun í greininni sem aðstoðin beinist að,
- hlutfallslegt mikilvægi aðstoðarinnar,
- valferli,
- valvísi.

⁽²⁸⁹⁾ Sjá nánar í 177. lið í leiðbeinandi reglum um aðstoð til umhverfisverndar.

⁽²⁹⁰⁾ Sjá nánar í 178. og 179. lið í leiðbeinandi reglum um aðstoð til umhverfisverndar.

⁽²⁹¹⁾ Sjá nánar í 5.2.2.2 í leiðbeinandi reglum um aðstoð til umhverfisverndar.

⁽²⁹²⁾ Sjá nánar í 5.2.2.2 í leiðbeinandi reglum um aðstoð til umhverfisverndar.

8.6.4. Markaðsstyrkur/útilokandi hegðun ⁽²⁹³⁾

Eftirlitsstofnun EFTA mun taka eftirfarandi atriði til athugunar þegar hún greinir áhrif aðstoðarinnar á markaðstyrk þiggjanda aðstoðarinnar. Tilgreinið þau sem upplýsingar og fylgiskjöl eru lögð fram með:

- markaðsstyrkur þiggjanda aðstoðar og gerð markaðarins,
- nýr markaðsaðili,
- vöruaðgreining og verðmismunur,
- kaupmáttur.

8.6.5. Áhrif á viðskipti og staðsetning ⁽²⁹⁴⁾

Látið í té gögn þar sem sýnt er fram á að aðstoðin réði ekki úrslitum um val á staðsetningu fyrir fjárfestinguna:

.....

9. Uppsöfnun ⁽²⁹⁵⁾

A) Er aðstoðin sem veitt er samkvæmt tilkynntri ráðstöfun sameinuð annarri aðstoð ⁽²⁹⁶⁾?

já nei

B) Ef svarið er já, lýsið þeim reglum um uppsöfnun sem gilda um tilkynntu ráðstöfunina:

.....

C) Tilgreinið nánar hvernig gengið verður úr skugga um að reglur um uppsöfnun séu virtar innan ramma tilkynntrar ráðstöfunar:

.....

10. Skýrslugjöf og eftirlit ⁽²⁹⁷⁾

10.1. Ársskýrslur

Vakin er athygli á að þessi skylda um skýrslugjöf er með fyrirvara um skyldu um skýrslugjöf samkvæmt ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 195/04/COL ⁽²⁹⁸⁾.

Ábyrgt er að ársskýrslur verði lagðar fyrir Eftirlitsstofnun EFTA um framkvæmd tilkynntrar ráðstöfunar um aðstoð í þágu umhverfisverndar þar sem fram koma öll eftirfarandi atriði fyrir hvert samþykkt kerfi sem varðar stór fyrirtæki:

- heiti þiggjanda aðstoðarinnar,
